

# AUGLÝSING

## ríkisskattstjóra nr. 7/1996 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 3/1996 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1996.

Frá og með 1. júní 1996 breytist skattmat á fjárhæðum ökutækjastyrkja og á dagpeningum sem launamaður fær greidda vegna ferða á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu og verða sem hér segir:

### 1. Ökutækjastyrkir.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 3.2. í auglýsingunni um mat á ökutækjastyrk innan viðmiðunarmarka, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu:

#### a) Almennt gjald:

Fyrir:	1 - 10.000 km	kr. 33,50	verði	kr. 35,15
	10.001 - 20.000 km	kr. 29,95	verði	kr. 31,45
	20.001 - >	kr. 26,45	verði	kr. 27,75

#### b) Sérstakt gjald og torfærugjald.

Þær fjárhæðir sem hækka má ofangreint mat um ef um greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds er að ræða breytast sem hér greinir:

Fjárhæðin:	kr. 5,10	verði	kr. 5,35	(sérst. gjald	1 - 10.000 km)
	kr. 15,55	verði	kr. 16,40	(torfærugjald	1 - 10.000 km)
	kr. 4,60	verði	kr. 4,80	(sérst. gjald	10.001 - 20.000 km)
	kr. 13,95	verði	kr. 14,70	(torfærugjald	10.001 - 20.000 km)
	kr. 4,00	verði	kr. 4,20	(sérst. gjald	20.001 - >)
	kr. 12,30	verði	kr. 12,95	(torfærugj.	20.001 - >)

### 2. Dagpeningar erlendis.

Kaflinn „Almennir dagpeningar“ í töluþið 5.1. í auglýsingunni orðist svo:

		Gisting	Annað
Svíþjóð, Bretland og Sviss .....	SDR	95	86
New York .....	SDR	97	65
Asía .....	SDR	125	100
Annars staðar .....	SDR	78	86

Kaflinn: Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa í sama töluþið orðist svo:

		Gisting	Annað
Svíþjóð, Bretland og Sviss .....	SDR	61	55
New York .....	SDR	62	41
Asía .....	SDR	81	65
Annars staðar .....	SDR	51	55

### 3. Dagpeningar innanlands.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 5.2. í auglýsingunni:

Gisting og fæði í einn sólarhring:	kr. 7.150, verði kr. 8.400
Gisting í eina nótt:	kr. 3.650, verði kr. 4.900

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. júní 1996.

*Reykjavík 12. júní 1996.*

**Snorri Olsen** ríkisskattstjóri.

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið  
eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt  
samningum um Evrópska efnahagssvæðið.**

### 1. gr.

Á eftir 1. gr. bætist við ný grein, 1. gr. a, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/94 frá 8. febrúar 1994 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki), bókun 1 (um altæka aðlögun) og öðrum ákvæðum samningsins:

- reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2410/92 frá 23. júlí 1992 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á bókun 21 við EES-samninginn og snerta framkvæmd 53.-54. gr. hans, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 1, 30.3.1994, bls. 5 (ákvörðunin), og nr. 34, 15.9.1994, bls. 1 (EB-gerðin).

*Viðskiptaráðuneytinu, 14. júní 1996.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Jón Ögmundur Þormóðsson.*

## REGLUGERÐ

**fyrir Lífeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands.**

### 1. gr.

*Nafn og heimili.*

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.